



Leikskólinn Bergheimar

v/ Hafnarberg - 815 Þorlákshöfn
Sími: 4833808 - Fax: 4833809
leikskolinn@olfus.is

VERKLAGSREGLUR UM STARFSEMI LEIKSKÓLANS BERGHEIMA

INNTRITUN

- 1) Hægt er að nálgast umsóknareyðublað í leikskólanum, á heimasíðu Ölfuss, www.olfus.is og á heimasíðu leikskólans, www.bergheimar.is.
- 2) Barn verður að eiga lögheimili í Ölfusi til að geta byrjað í leikskóla.
- 3) Foreldrar sem hyggjast flytja til sveitarfélagsins er heimilt að sækja um leikskóla, en barn fær ekki inngöngu fyrr en lögheimili hefur verið flutt.
- 4) Heimilt er að sækja um leikskóla þegar barn er 12 mánaða.
- 5) Upphaf leikskólagöngu getur að jafnaði orðið þegar barn er 2ja ára gamalt.
- 6) Dagsetning umsóknar ræður því, að öllu jöfnu, hvenær barn kemst inn í leikskóla. Þó geta ákveðnar aðstæður haft áhrif á úthlutunina, sbr. gr. 8.
- 7) Innritun barna fer að mestu fram á tímabilinu júní-september ár hvert. Haft er samband við foreldra þegar barn þeirra hefur fengið inngöngu í leikskóla. Ef foreldrar vilja ekki nýta sér boðið, færast umsóknin í bið og foreldrar beðnir að láta vita þegar virkja á umsóknina aftur. Óski foreldrar ekki lengur eftir því að hafa barn sitt á biðlista ber þeim að tilkynna það til leikskólastjóra.
- 8) Heimilt er að sækja um forgang vegna eftirtalinna aðstæðna:
Fötluð börn, börn með alvarleg þroskafrávik og/eða seinkaðan þroska og vegna barnaverndarúrræða. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja með umsókn um forgang. Ef forgangur er samþykktur fer viðkomandi barn fram fyrir önnur börn á biðlista.
- 9) Segja skal upp leikskólaplássi skriflega á þar til gerðum eyðublöðum sem fást í leikskólanum. Uppsagnarfrestur er hálfur mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar, nema þegar barn útskrifast þá er leikskólaplássi sagt upp á sérstökum foreldrafundi í byrjun maí.

GJALDSKRÁ

- 10) Gjaldskrá leikskóla er endurskoðuð árlega og tekur bæjarstjórn ákvörðun um breytingar á henni. Breytingar á gjaldskrá skulu auglýstar með eins mánaðar fyrirvara.
- 11) Einstæðir foreldrar greiða lægra gjald eins og fram kemur í gjaldskrá. Hefji einstæðir foreldrar sambúð skal greiða hærra gjald frá þeim degi er sambúð hefst. Séu foreldrar ekki í sambúð eða slíti sambúð skal leggja fram vottorð frá sýslumanni og lækkar þá gjald frá næstu mánaðarmótum eftir að vottorð berst. Farið er eftir búsetu og hjúskaparstöðu foreldra samkvæmt þjóðskrá.
- 12) Systkinaafsláttur er 25% með öðru barni og 50% með þriðja barni.
- 13) Foreldrum ber að tilkynna leikskólastjóra um breytingar á högum sínum, s.s. breytt heimilisfang, símanúmer, breyting á vinnustað foreldris og hjúskaparstöðu.
- 14) Námsmenn greiða lægra gjald ef foreldri er í 12 eininga námi, gegn staðfestingu frá skóla. Sækja skal um slíka ívilnun til leikskólastjóra. Skila þarf innritunavottorði frá skóla í upphafi hvorrar annar. Einnig þarf að skila vottorði um námsframvindu eða námslok í júní og janúar. Vottorðum skal skila til leikskólastjóra. Fræðslunefnd úrskurðar um vafaatriði.
- 15) Ógreidd leikskólagjöld eru send í innheimtu skv. reglum sveitarfélagsins

DVALARTÍMI

- 16) Opnunartími leikskólans Bergheima er samkvæmt samþykktum bæjarstjórnar sveitarfélagsins hverju sinni. Leikskólinn opnar kl 07.30 og er opinn til kl.17.00. Heimilt er að sækja um dvalartíma frá kl. 07.30 eða frá kl.09.00 til kl.12.00 og fram til kl 17.00. Einnig frá kl 12.30 til 17.00.
- 17) Stefnt skal áfram að einsetningu leikskóla þannig að börn komi í leikskóla að morgni.
- 18) Heimilt er að sækja um breytingar á umsömdum dvalartíma og er það gert eins og um nýja umsókn sé að ræða.
- 19) Þó að barn sé fjarverandi ber foreldrum að greiða fullt gjald.
- 20) Dvalartímasamningur er gerður fyrir hvert barn þegar það byrjar í leikskóla og er foreldrum skylt að virða þann tíma sem samið er um.
- 21) Mælst er til þess að daglegur dvalartími barns í leikskóla sé ekki lengri en 7 klukkustundir á dag.
- 22) Leikskólinn lokar vegna sumarleyfa 5 vikur á ári og fellur gjald niður á meðan.
- 23) Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársdag, alla helgidaga og á starfsdögum.

ANNAÐ

- 24) Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu. Þagnarskyldan helst þó látið sé af störfum hjá sveitarfélaginu.
- 25) Leikskólinn hefur 4 starfsdaga sem skiptast í foreldraviðtalsdag, starfsdag að vori og skipulagsdag í lok sumarfrís auk starfsdags í lok september. Starfsmannadagur sveitarfélagsins er haldinn á vorin og er leikskólanum þá lokað í nokkrar klukkustundir
- 26) Leikskólinn er með samstarfssamning við talmeinafræðing og sálfræðing. Foreldrar geta leitað til þeirra gegnum deildarstjóra og skólastjórnendur.
- 27) Allir nemendur eru slysatryggðir á skólatíma með skólatryggingu.
- 28) Nánari upplýsingar starfsemi leikskólans veitir leikskólastjóri.
- 29) Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara verklagsreglna er hægt að vísa málinu til fræðslunefndar.
- 30) Verklagsreglur þessar skulu endurskoðaðar og samþykktar í janúar ár hvert af fræðslunefnd og staðfestar af bæjarstjórn.